

Fundargerð 5. fundar Framkvæmdaráðs Snæfellsness

**Fundarstaður: Ráðhúsið í Stykkishólmi**

**Fundardagur: 6. október 2004**

**Af þeim sem voru boðaðir mættu eftirfarandi:**

Guðlaugur Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gulli@hellnar.is](mailto:gulli@hellnar.is)

Guðrún G. Bergmann, fulltrúi Snæfellsbæjar – [gudrun@hellnar.is](mailto:gudrun@hellnar.is)

Hrafnhildur Jóna Jónasdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – [hjj@mi.is](mailto:hjj@mi.is)

Sigríður Finsen, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar – [finsen@soffi.com](mailto:finsen@soffi.com)

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [dagny@stykkisholmur.is](mailto:dagny@stykkisholmur.is)

Menja von Schmalensee, fulltrúi Stykkishólmsbæjar – [menja@nsv.is](mailto:menja@nsv.is)

Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Þjóðgarðinum Snæfellsjökli – [gudbjorg@ust.is](mailto:gudbjorg@ust.is)

**Fjarverandi:**

Ástþór Jóhannsson, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps – [salmo@islandia.is](mailto:salmo@islandia.is)

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar – [hildibrandur@simnet.is](mailto:hildibrandur@simnet.is)

Formaður setti fundinn kl. 14:10 og var strax gengið til eftirfarandi dagskrár:

1. Farið yfir síðustu fundargerð
2. Staðfestingar á erindisbréfinu
3. Drög að framkvæmdaáætlun lögð fram til breytinga og/eða samþykktar
4. Kynning á fréttatilkynningu í bæjarblöðin
5. Umfjöllun um auglýsingu vegna VIÐMIÐA GG21
6. Tékklandsferð og kynning Ferðamálaráðs á Snæfellsnes verkefni
7. World Travel Market og undirbúningur fyrir þá ferð
8. Vefsíða
9. Bæklingur
10. Önnur mál
11. Tímasetning næsta fundar

**1. Farið yfir síðustu fundargerð**

Formaður renndi stuttlega yfir síðustu fundargerð en sagði að margt sem þar kom fram yrði rætt nánar á þessum fundi og lagði því til að gengið yrði beint til annarrar dagskrár.

**2. Staðfestingar á erindisbréfinu**

Enn vantar skriflega staðfestingu á því að bæjarstjórnirnar hafi samþykkt erindisbréf fyrir fulltrúa sína í Framkvæmdaráði Snæfellsness frá eftirfarandi sveitarfélögum: Eyja- og Miklaholtshreppi, Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit og Stykkishólmsbæ. Sveitarstjórar eru vinsamlegast beðnir að ganga í málið.

**2a. Benchmarking (VIÐMIÐUNAR) skýrslan kynnt**

Þessi liður var ekki á dagskrá fundarins, enda hafði skýrslan frá Earth Check, sem sér um úrvinnslu á mælingum sem sendar eru til Green Globe 21 komið eftir að dagskrá var send út. Guðrún lagði skýrsluna frá Earth Check fram svo fundarmenn gætu skoðað hana. Skýrslan hefur verið send til sveitarstjórnanna með rafrænum hætti, en verður formlega afhent á ráðstefnunni í Tékklandi. Kemur Guðlaugur til með að afhenda sveitarstjórunum hana við heimkomu. Af þeim þáttum sem mældir voru á

Snæfellsnes eru mælingarnar ofan við Best Practice Level – eða bestu frammistöðu á eftirfarandi þáttum:

- 1) Orkunotkun per mann á ári
- 2) Framleiðsla á gróðurhúsalofttegundum CO<sub>2</sub> per mann á ári
- 3) Gæði andrúmsloftsins – NO<sub>x</sub> per mann á ári
- 4) Gæði andrúmsloftsins – SO<sub>2</sub> per mann á ári
- 5) Gæði andrúmsloftsins – PM 10 per mann á ári

Eftirfarandi þættir voru yfir grunnviðmiðum eða við grunnviðmið Green Globe 21:

- 1) Vatnsneysla per mann á ári
- 2) Úrgangur til urðunar per mann á ári
- 3) Verndun náttúruauðlinda – Pappírskaup per starfsmann á ári
- 4) Líffræðilegur fjölbreytileiki – vernduð landsvæði á Snæfellsnesi
- 5) Gæði neysluvatns
- 6) Vottun ferðaþjónustufyrirtækja

Eftirfarandi þættir voru undir grunnviðmiðum Green Globe 21:

- 1) Verndun náttúruauðlinda – Notkun eitrefna
- 2) Verndun náttúruauðlinda – Notkun hreinsiefna sem brotna niður í náttúrunni

Allar nema tvær mælingar eru því ofan við grunnviðmið eða bestu frammistöðu og segir Earth Check það aðdáunarvert. Helstu önnur atriði sem komu fram í skýrslunni eru þau að mæla þarf mengun frá fiskiskipaflotanum fyrir næstu viðmið. Gæti það breytt eitthvað útkomunni hvað varðar gæði andrúmsloftsins, en það á auðvitað eftir að koma í ljós hversu mikil sú breyting yrði.

Lagt er til að sveitastjórnirnar hvetji ferðaþjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi til að leita sér vottunar. Slíkt styðji ekki einungis við markmið sveitastjórnanna um betra umhverfi, heldur efli líka þeirra eigin rekstur.

Líffræðilegur fjölbreytileiki – vernduð svæði – eru aðeins undir grunnviðmiðunum – eða 10%. Samkvæmt stefnu GREEN GLOBE eru þau samt innan leyfilegra marka. Snæfellsnes samfélagið er samt sem áður hvatt til þess að auka það prósentuhlutfall lands sem ætlað er til náttúruverndar og þá um leið verndar á búsetusvæðum plantna og dýra. Á fundinum kom fram hugmynd um að hægt væri að friðlýsa hluta af Snæfellsnesfjallgarðinum, svo og hugsanleg votlendissvæði sem yrðu hvort eð er aldrei annað en búsetusvæði dýra.

Varðandi þá liði sem eru undir grunnviðmiðum Green Globe 21, þá er hvatt til þess að taka upp nýja innkaupastefnu í hreinsiefnum og kaupa umhverfismerkt hreinsiefni eða hreinsiefni af lífrænum toga sem brotna niður í náttúrunni. Einnig er hvatt til þess að endurmeta notkun á eitrefnum og sé þörf á að eitra, að nota þá efni sem brotna niður í náttúrunni.

### **3. Kynning á fréttatilkynningu í bæjarblöðin**

Guðrún hafði sent fundarmönnum drög að fréttatilkynningu sem birtast á í bæjarblöðunum næsta fimmtudag. Var farið yfir hana og athugasemdir teknar til

afgreiðslu. Í framhaldi af því las hún upp þau drög sem lögð hafa verið fram um kynningaráætlun í tengslum við þann áfanga sem náðst hefur í Green Globe verkefninu, þ.e. leyfi til að nota merki samtakanna á allt auglýsingar- og kynningarefni sveitarfélaganna og Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

#### **Kynningaráætlun:**

1. Fréttatilkynning í Morgunblað og Fréttablað þann 13. október n.k.
2. 4ra dálka auglýsing í sömu blöð þar sem Snæfellingum er óskað til hamingju með árangurinn. Gert er ráð fyrir að hún sé undirskrifuð af sveitarfélögunum á Snæfellsnesi, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, Ferðamálaráði Íslands og Vegagerðinni
3. Fréttatilkynning í bæjarblöðin á Snæfellsnesi og í Skessuhorni 14. okt.
4. Fréttatilkynning frá Ferðamálaráði um ferð á WTO ráðstefnuna í Tékklandi þann 17.-20. okt.
5. Blaðumfjöllun um hana, væntanlega í Morgunblaðinu, eftir heimkomu frá Tékklandi - búið að ræða málið við Björn Vigni fréttastjóra Mbl.
6. Verkefnisstjórn afhendir sveitastjórnunum á Snæfellsnesi skýrslu vegna verkefnisins þann 4. nóvember (gæti verið 5. nóv.)
7. Cathy Parsons forstjóri GREEN GLOBE 21 afhendir fulltrúum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi BENCHMARKING (VIÐMIÐ) viðurkenningu á WTM í London þann 10. nóvember, en sá dagur á ráðstefnunni er tilnefndur dagur RESPONSIBLE TOURISM (ábyrgar ferðapjónustu) og því kærkominn fyrir þetta tilefni. Sú afhending fram í viðurvist ferðamálastjóra og hugsanlega samgönguráðherra.
8. Fréttumfjöllun um viðurkenninguna - blöð/sjónvarp

#### **4. Umfjöllun um auglýsingu vegna VIÐMIÐA GREEN GLOBE 21**

Guðlaugur kynnti drög að auglýsingu sem hann lagði til að yrði sett í Morgunblaðið og Fréttablaðið til að láta bæði Snæfellinga, svo og aðra landsmenn, vita að Snæfellsnes hefur mætt VIÐMIÐUM GREEN GLOBE 21. Var auglýsingin samþykkt og lagt til að stærri sveitarfélögin myndu greiða 100 þús kr. hvert til að standa straum af kostnaði við hana, minni sveitarfélögin 25 þús kr. hvort og síðan yrði leitað til Ferðamálaráðs og Vegagerðarinnar til að brúa mismuninn. Var það samþykkt.

#### **5. Tékklandsferð og kynning á Snæfellsnes verkefninu**

Guðlaugur greindi frá því að Alþjóðaferðamálaráðið hefði samþykkt umsókn Ferðamálaráðs Íslands um að fá að kynna Snæfellsnes og vottunarferlið þar á ráðstefnunni í Tékklandi. Er það mikill heiður fyrir Ísland, þar sem það er ekki aðili að Alþjóðaferðamálaráðinu og skipar Íslandi í forystusveit þeirra landa sem vinna að sjálfbærri þróun ferðamála. Guðrún kemur til með að flytja kynningarfyrrlesturinn og var leitað eftir því að sveitarfélögin létu af hendi rakna myndir sem nota mætti til að myndskreyta kynninguna. Jafnframt var rætt um að nota myndirnar í auglýsinguna fyrir Mbl. og Fréttablaðið. Eigendum myndanna mun ekki verða greitt fyrir birtingu.

#### **6. World Travel Market og undirbúningur fyrir þá ferð**

Greint var frá því að Cathy Parsons framkvæmdastjóri GREEN GLOBE 21 bæði um að fá að veita BENCHMARKING viðurkenninguna til fulltrúa (eins eða fleiri) sveitastjórnanna og þjóðgarðsins á WTM í London þann 10. nóvember. Voru fundarmenn beðnir að fara hver til síns heima og kanna hvernig þeirra sveitarstjórar vildu haga móttöku viðurkenningarinnar. Rætt var um mikilvægi þess að nýta tækifærið og gera eitthvað sérstakt sem drægi athyglina að Íslandi/Snæfellsnesi. Komu fram hugmyndir um að hafa hákarl og brennivín og fá Hildibrand til að skenka

hákarlinn, bjóða upp á flatkökur með hangikjöti og hugsanlega malt/appelsínblöndu fyrir þá sem ekki vildu áfengið og ýmislegt fleira. Kanna átti hvort hægt væri að fá sviðið í sýningarhöllinni, World Stage, til afhendingarinnar (það fékkst ekki) og myndi það hafa áhrif á hvað hægt væri að gera. Var samþykkt að formaður myndi kanna þessi mál frekar og láta aðra stjórnarmenn vita. Eitthvað kynningarefni þarf að liggja fyrir á WTM og tengist það næstu liðum.

### **7. Vefsíða og bæklingur**

Ljóst er að Valgarð Halldórsson sem á lénið [www.snaefellsnes.is](http://www.snaefellsnes.is) vill ekki láta það af hendi til Framkvæmdaráðs Snæfellsness, svo við þurfum að kaupa [www.snaefellsnes.com](http://www.snaefellsnes.com) eða .net eftir því hvað ákveðið verður og hvað er auðveldast. Mun það verða kannað á næstu dögum. Einnig var talið mikilvægt að koma upp einhverju efni á vefsíðuna fyrir WTM, svo hægt væri að dreifa fjórblöðungi eða bókamerki með vefslóðinni til gesta á sýningunni. Myndi það verða fyrsta kynningarefni Snæfellsness. Var samþykkt að formaður myndi kanna þessi mál frekar og láta aðra stjórnarmenn vita.

### **8. Drög að framkvæmdaáætlun lögð fram til breytinga og/eða samþykktar**

Formaður hafði sent stjórnarmönnum drög að framkvæmdaáætlun fyrir það sem eftir er af 2004 og árið 2005. Sumir höfðu þegar gert athugasemdir við áætlunina, aðrir komu með sýnar athugasemdir meðan á fundinum stóð. Nokkur umræða spannst um ákveðna liði framkvæmdaáætlunarinnar, en samþykkt var að leggja hana fram eins og hún er kynnt í meðfylgjandi skjali. Ljóst er að þegar menn gera sér markmið stefna þeir á 100% árangur. Náist hann hins vegar ekki eða vinnist ekki tími til að ljúka öllum markmiðum í samræmi við áætlaðar dagsetningar, þá eru markmiðin bara tekin fyrir aftur og endurtímasett. Margt af þeim markmiðum sem á framkvæmdaáætluninni eru kosta ekki mikla peninga, gera frekar kröfu um breyttan hugsanahátt.

### **9. Önnur mál**

Engin önnur mál voru á dagskrá.

### **10. Skipulagning næsta fundar**

Ákveðið var að boðað skyldi til hans eftir að Guðlaugur og Guðrún koma aftur frá Tékklandi í ljósi þeirrar öru þróunar sem er á öllum málum þessa dagana.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið

Fundarritari: Guðrún G. Bergmann